

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, Vestfjarðavegur frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum í Kjálkafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. janúar 2012 breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 10. nóvember 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 20. desember 2011.

Í breytingunni felst breytt lega Vestfjarðavegar (nr. 60) frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum við Vesturbyggð (Skiptá) í Kjálkafirði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. janúar 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2012